

Minjaráð Austurlands – 25.nóv. 2024

Mætt: Þuríður Elísa Harðardóttir, form., Elsa Guðný Björgvinsdóttir, Eypór Bragi Bragason, Skúli Björn Gunnarsson, Sigrún Sigurgeirsdóttir og Rannveig Þórhallsdóttir.

Þuríður Elísa stýrir fundi og Sigrún Sigurgeirsdóttir skrifar fundargerð

1. Farið yfir fundargerð síðasta fundar: Engar nýjar fréttir eru af minjaappinu og fundargerðin samþykkt.
2. Sameiningaráform og ráðning nýs forstöðumanns: Það var hætt við sameiningu Minjastofnunar við VJP og hluta UST, Minjastofnun er áfram sjálfstæð stofnun. Rúnar Leifsson var skipaður forstöðumaður stofnunarinnar til fimm ára, eftir að hafa verið í því hlutverki tímabundið á meðan sameiningaráform voru skoðuð.
3. Fulltrúar í minjaráði og breytingar þar: Elva Hlín Pétursdóttir kemur inn í minjaráð sem fulltrúi Safnaráðs í stað Eyrúnar Helgu Ævarsdóttur. Það þarf að finna einn fulltrúa til viðbótar sem varamann og er það í vinnslu.
4. Innviðaverkefni: Minjastofnun er með styrki úr Innviðasjóði til uppbyggingar á skiltum á Austurlandi. Það er í vinnslu en hefur gengið mjög hægt. Rætt var um að stofna Teamshóp fyrir minjaráðið og gera texta að skiltunum þar aðgengilega fyrir minjaráðsfulltrúa til að lesa yfir.
5. Ársfundur Minjastofnunar verður n.k. fimmtudag kl. 13. Fundinum verður streymt, en það er einnig hægt að mæta á staðinn (en þá þarf skráningu). Voru minjaráðsfulltrúar hvattir til að fylgjast með.
6. Önnur mál
 - a. Rætt var aðeins um fjárlög og þá fjármagn til Fornminjasjóðs.
 - b. Spurt var um Innviðasjóð og möguleikann á að gera eitthvað með fjallkonuna á Seyðisfirði. Upphaf að slíku samtali er hafið og verður skoðað nánar.
 - c. Rætt var um sýninguna Landnámskonan sem var sett upp á Minjasafni Austurlands. Verið er að skoða hvort hún fái að standa lengur en áætlað var en mikill áhugi hefur verið á henni.
 - d. Rætt var um næsta fund og ákveðið að hafa næsta staðfund í sumar og þá stefna á halda hann á Burstafelli og mögulega málþing við sama tækifæri.
 - e. Breytingar eru að verða á Burstafelli en sveitarfélagið Vopnafjarðahreppur er að koma með 50% starf á móti 50% stöðu safnstjóra og verður þá hægt að auglýsa eftir safnstjóra.
 - f. Rætt var um málþingið Vörðubrot og blásnar vörður sem haldið var á Skriðuklaustri og var hluti af Evrópsku menningarminjadögunum. Upptakan er aðgengileg á Youtube-rás Skriðklosturs.

Formlegum fundi var slitið og í kjölfarið hélt Rannveig Þórhallsdóttir kynningu fyrir minjaráðsfulltrúa um uppgröftinn í Firði en honum var að ljúka í ár.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið.